



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

31. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 19. september 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Breytingarnar að skila árangri og betri þjónustu

Öllum september- og októberbörnum boðið leikskólaláss



Stór hluti af þeim 27 börnum sem eru fædd í september og fram í miðjan október 2023 og var boðið leikskólaláss á ungbarnaleikskólanum Mánahvoli hefur þegið boðið

Garðabær hefur boðið 27 börnum sem fædd eru í september og fram í miðjan október 2023 pláss í ungbarnaleikskólanum Mánahvoli og hefur stór hluti af þeim nú þegar þegið pláss.

Vonir standa til að geta boðið fleiri pláss fyrir börn fædd síðla árs 2023 þegar tvær deildir í Urriðabóli við Holtsveg taka til starfa í kringum áramót, en það er háð mönnum (Frh. á bls. 2).

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Verið velkominn
með bílinn í skoðun,
þið finnið næstu
skoðunarstöð á
frumherji.is



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND

FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Fundar með viðbragðsaðilum

Framkvæmdir sköpuðu umferðaröngpveiti á Reykjanesbraut við Kaupþún og Vífilstaðaveg



Í liðinni viku voru talsverðar framkvæmdir á Reykjanesbraut við Kaupþún og Vífilstaðaveg og voru sérstaklega íþyngjandi þegar síðdegis-umferðin var sem mest. Þrátt fyrir að vera nauðsynlegar vegaframkvæmdir hefði að sjálfsögðu betur farið á því að tímasetningar þeirra væru aðrar en samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ á þeim á að vera lokið í bili.

Flóttamannavegurinn er mikilvæg samgönguæð, en er ekki í góðu ásigkomulagi

Garðabær hefur verið í viðræðum við Vegagerðina varðandi opnun út á Flóttamannaveg. Þar er mikilvægt að halda Vegagerðinni áfram við efnið og halda sjónarmiðum Garðabæjar á lofti – það er að segja að vegurinn verði lagfærður og opnað fyrir leið úr Urriðaholti út á hann.

Flóttamannavegurinn þarf að vera örugg samgönguleið. Hann er nú þegar mikilvæg samgönguæð, en er ekki í góðu ásigkomulagi.

Samhliða því að vinna með Vegagerðinni hefur Garðabær unnið að því að í Samgönguáætlun verði tekið sérstakt tillit til þessarar stöðu og eru bundnar miklar vonir við að hún verði samþykkt á haustþingi. Það er mikilvægt að taka það fram að Garðabær á í góðum samskiptum við viðbragðsaðila og útkallsaðila vegna öryggismála í bænum og ekki síst vegna umferðarpungans á háanna tíma. Þeir eru meðvitaðir um stöðuna, segja hana viðráðanlega en bæjarstjóri hefur óskað eftir fundi með þeim til að fara yfir málin, ekki aðeins gagnvart Urriðaholti heldur einnig hvað varðar aðrar samgönguæðar í Garðabæ þar sem svipuð staða getur komið upp.

Framhald af forsiðu Öllum september- og októberbörnum boðið leikskólaláss

Stórt jafnréttismál að börn komist snemma inn á leikskóla

Það er langhlaup að hlúa að leikskólunum, starfsfólki og fjölskyldum

„Það er stórt jafnréttismál að börn komist snemma inn á leikskóla. Við gerðum breytingar á kerfinu okkar í fyrra, vitandi að það er langhlaup að hlúa að leikskólunum okkar, starfsfólki og fjölskyldum. Þessar breytingar eru að skila sér, það er undantekning að loka þurfi leikskólum vegna manneklu og höfum getað boðið fleiri börnum leikskólavöl. Við höfum bætt upplýsingagjöfina til foreldra og finnum að allar breytingar eru að skila árangri og þar af leiðandi betri þjónustu,“ segir Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar.

Almennt gekk innritun í leikskóla Garðabæjar fyrir haustið 2024 vel og var öllum börnum á biðlista sem fædd eru í ágúst 2023 og eldri boðin leikskólavist í vor. Núna eru alls 100 börn sem fædd eru árið 2023, þ.e. í janúar til ágúst, í 13 leikskólum í Garðabæ. Börnin sem fengu úthlutað núna í september fá að hefja leikskólavöl þegar þau hafa náð 12 mánaða aldri.

Nokkrar praktískar upplýsingar fyrir fjölskyldur:

- Upplýsingar um innritun eru veittar í gegnum netfangið: innritun@gardabaer.is
- Skilyrði fyrir leikskólavöl er að barn eigi lögheimili í Garðabæ og sé búsett í bænum.



Núna eru alls 100 börn sem fædd eru árið 2023, þ.e. í janúar til ágúst, í 13 leikskólum í Garðabæ og leikskólinn Kirkjuból er einn þeirra

• Vala leikskólakerfi heldur utan um flest sem viðkemur umsókn og leikskólavöl barnsins.

• Við innritun í leikskóla er tekið mið af kennitölu barna, þau elstu fá úthlutað fyrst. Í Garðabæ fer fram innritun í laus leikskólaláss allt árið.

• Þegar pláss losnar er það boðið til barns á biðlista í samræmi við innritunarreglur. Foreldrum er sent bréf þegar barn fær leikskólavöl. Foreldrar hafa 5 virka daga í umhugsunarfrest, eftir það er barnið tekið af biðlista.

• Biðlistagreiðslur: Ef barn sem er orðið 12 mánaða og eldri er ekki byrjað í leikskóla

en búið að fá úthlutað pláss er hægt að sækja um greiðslur þar til barnið byrjar í aðlögun á leikskólanum.

Vilt þú vinna á leikskóla í Garðabæ?

Í leikskólum Garðabæjar starfar samhentur hópur ólíkra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn. Leikskólakennarar sem hafa áhuga á að kynna sér leikskólastarfið í Garðabæ er bent á síðuna www.starfa-baer.is, en fjölmörg fríðindi eru í boði auk þess sem stytting vinnuvikunnar er að fullu komin til framkvæmda.

Bæjarstjóra heimilt að taka með sér að hámarki 10 orlofsdaga yfir á næsta orlofsár

Garðabær og bæjarstjóri gera viðauka um orlofsmál

Garðabær og Almar Guðmundsson hafa undirritað viðauka við ráðningarsamning bæjarstjóra en bæjarstjóri hafði sjálfur frumkvæði að breytingunni. Ráðningarsamningur við bæjarstjóra var undirritaður við upphaf núverandi kjörtímabils, í júní 2022, en í honum var ekki kveðið sérstaklega á um orlofsrétt.

Með viðaukanum er orlofsréttur bæjarstjóra skilgreindur sem 30 daga tímabil á ári. Nýti bæjarstjóri ekki áunninn orlofsrétt sinn

innan hvers orlofsárs, er bæjarstjóra heimilt að færa orlofsdaga milli orlofsára, ef verkefnastaða bæjarstjóra er með þeim hætti að hann geti ekki nýtt sér áunninn orlofsrétt að fullu.

Við slíkar aðstæður er bæjarstjóra heimilt að taka með sér að hámarki 10 orlofsdaga yfir á næsta orlofsár. Bæjarráð hefur samþykkt viðaukanum en hann verður einnig lagður fyrir bæjarstjórn Garðabæjar í dag, fimmtudaginn 19. september.



Foreldrar ungra barna hvattir til að njóta góðra samverustunda á bókasafninu, fræðast og hafa gaman

Foreldramorgnar eru á Bókasafni Garðabæjar alla fimmtudaga

Foreldramorgnar verða á Bókasafni Garðabæjar alla fimmtudaga í haust til og með 12. desember. Skipulögð dagskrá verður suma morgnana, ýmist fræðslueða leikstundir, svo sem Skynjunarsmiður með Plánetunni, Krílasöngur með Þórönnu Gunný, fræðsla um heilbrigð samskipti með Hrafnhildi Helgadóttur hjúkrunarfræðingi og skyndihjálparnámskeið.



Krílasöngur og söngur með Þórönnu Gunný

Aðra morgna verða samverustundir þar sem foreldrar geta hist með börnin sín og átt góðar stundir saman. Notaleg samvera foreldra og barna ýtir undir sterkari tengsl og jákvæð samskipti, gefur nýbökudum foreldrum tækifæri til að bera saman bækur sínar við aðra í sömu stöðu og börnunum tækifæri til að hitta jafnaldrá sína

og þjálfá félagslega leikfærni. Notaleg aðstaða, gott úrval af harðspjaldabókum og skynjunarleikföng verða í boði.

Foreldrar ungra barna eru hvattir til að njóta góðra samverustunda á bókasafninu, fræðast og hafa gaman. Hægt er að fá nánari upplýsingar um foreldramorgnana og alla dagskrárlíði á vef bókasafnsins og á samfélagsmiðlum. Verið innilega velkomin.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Öluf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Er með kaupendur að:

- Lóð í grennd við höfuðborgarsvæðið.
- Sumarbústað í Grimsnesinu.
- 2-3herb íbúð í Hafnarfirði.
- Hæð með bílskúr í Hafnarfirði.
- 2-4 herb íbúð í Garðabæ.
- 3-4 herb íbúð í Kópavogi.
- Einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Þarf að vera með bílskúr. Off.

FRITT VERÐMAT.

SVAVAR FRÍÐRIKSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SVAVAR@FSTORG.IS

HRINGDU NÚNA 623-1717

NÝ VERSLUN

BÚSTOÐ

— síðan 1975 —

MIDHRAUNI 24

GARÐABÆ

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

OPNUNARTÍMI

VIRKA DAGA 11-18

LAUGARD. 11-16

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 26. sept.

Síðasti skiladagur föstudaginn 20. september
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAÚST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málrameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

HandbALLIN verkefni - Fyrsti vinnustofufundur á Íslandi

Þökk sé Erasmus+ áætluninni í íþróttum fékk Urriðaholtsskóli tækifæri til að taka á móti samstarfsaðilum frá Króatíu og Tyrklandi dagana 6.-7. september 2024.

HandbALLIN verkefnið miðar að því að efla getu þjálfara og sjálfbóðaliða og auka vitund um þátttöku barna og ungmenna með þroskahömlun í gegnum íþróttir. Með því að skapa umhverfi sem stuðlar að þátttöku, virðingu og fjölbreytileika í íþróttum má skapa tækifæri fyrir fólk með fötlun til að þróa nýja hæfileika, byggja upp sjálfstraust og mynda dýpri tengsl við aðra. Fyrsti dagur vinnustofunnar var nýttur til að kynna skólann okkar og starf okkar þar, með sérstaka áherslu á vinnu með börnum með fötlun. Verkefnishandbókin "HandbALLIN the adaptive sports program," sem upphaflega var ætluð þjálfurum, sjálfbóðaliðum og fólk sem vinnur með fötlunum börnum var kynnt fyrir þjálfurum og liðsmönnum.



Á síðdegisfundinum og á öðrum degi vinnustofunnar fengum við tækifæri til að heimsækja Álfaneslaug, Ásgarð, Miðgarð og íþróttastöðu í Garðabæ, afla okkur þekkingar um elsta íþróttafélag fatlaðra á Íslandi, ÍFR, fylgjast með sundæfingu í Reykjavík með þjálfara sem hefur starfað með ólympíuförum, njóta handboltaæfingar og körfuboltaþjálfunar fyrir fatlaða hjá

íþróttafélaginu Haukum í Hafnarfirði. Köld byrjun septembermánaðar bauð upp á norðurljós og eldgos sem gerði gestum okkar kleift að njóta alls sem Ísland - land elds og íss - hefur upp á að bjóða.

Sandra Stojkovic Hinic og Þóra Björg Hallgrímssdóttir.

Efla notkun íslenska tungumálsins inni á stofnunum bæjarins

Tíu starfsmenn á leikskólanum Mánahvoli taka þátt í íslenskunámskeiði sem Garðabær býður starfsfólki sem hefur annað móðurmál en íslensku upp á. Meginmarkmiðið er að efla notkun íslenska tungumálsins inni á stofnunum bæjarins og að styrkja stöðu starfsfólks sem eru innflytjendur í bæði leik og starfi.

Nemendahópurinn frá Mánahvoli samanstendur af tíu einstaklingum sem koma ýmist frá Indónesíu, Póllandi, Úkraínu, Kína, Víetnam eða Líthæen.

Krístín Hemmert Sigurðardóttir, leikskólustjóri á Mánahvoli, segir kennsluna fara vel af stað og þátttakendur námskeiðsins vera



spennta að hefja leikskólastarfið aftur af fullum krafti eftir sumarfrí.

Íslenskukennslan er í höndum Liberis Fræðslumiðstöðvar og munu þeirra kenn-

Starfsmenn á Mánahvoli

arar halda fleiri íslenskunámskeið í allan vetur fyrir erlent starfsfólk stofnana Garðabæjar.



22. NÓVEMBER - 1. DESEMBER

KARÍBAHAFIÐ PUNTA CANA

Draumafríð í beinu flugi, 5 stjörnu gistingar og allt innifalið. Hitastig um 26° allt árið um kring. Er eitthvað betra?

**5 STJÖRNUR
ALLT INNIFALIÐ
BEINT FLUG**

VERÐ FRÁ **299.900 KR.***

*M.v. 2 fullorðna og 2 börn, gistingu m. beinu flugi, íslenski fararstjórn og öllu inniföldu.



08:30
Keflavík



13:00
Punta Cana

11:00
Punta Cana




23:05
Keflavík



Toyota
Kauptúni

FYRIR HEMILINN Í LANDINU

ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á BREMSUBÚNAÐI
TIL 30. SEPTEMBER HJÁ TOYOTA KAUPTÚNI



Toyota-eigendur fá ástandsskoðun á bremsubúnaði án endurgjalds til 30. september og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

20% afsláttur af bremsuklossum, bremsuborðum, bremsudælum, bremsuskálum og bremsudiskum*

*gildir bara samhlíða ísetningu hjá Toyota í Kauptúni

10% afsláttur af vinnu.

Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
570 5070

Ísold Rose er ótrúlega dugleg að lesa á bæði íslensku og ensku

Síðasti lestrarhestur sumarsins er hún Ísold Rose, 6 ára gömul í Álfanes-skóla. Ísold hefur verið ótrúlega dugleg að lesa og er því sannkallaður lestrarhestur en hún les að minnsta kosti einu sinni á dag.

Ísold er líka tvítyngd og getur því bæði lesið á ensku og íslensku. Auk þess að lesa á Ísold fjöldann allan af áhugamálum, meðal annars æfir hún ballett, finnst gaman í fluguveiðum og fluguhnýtingum, á hestbaki, að syngja og spila á píanó.

Í sumar hefur hún gert ýmislegt skemmtilegt eins og að ferðast um landið þar sem hún sá fjölmörg dýr, t.d. lunda, geitur, svin, kanínur og hamstra. Ísold hefur líka farið að veiða og hefur í sumar til dæmis veitt regnbogasilung.

Innilega til hamingju með árangurinn Ísold Rose!

150 duglegir lestrarhestar

Í sumar tóku um 150 lestrarhestar þátt í sumarlestri bókasafnsins, en leiknum lauk formlega með uppskeruhátíð í lok ágúst.



Ísold tvítyngd og getur því bæði lesið á ensku og íslensku. Auk þess að vera duglega að lesa á Ísold fjöldann allan af áhugamálum, meðal annars æfir hún ballett, finnst gaman í fluguveiðum og fluguhnýtingum, á hestbaki, að syngja og spila á píanó.

Bókasafnið vill þakka öllum lestrarhestunum fyrir góða þátttöku í sumar. „Höldum áfram að lesa saman og okkur hlakkar til að sjá ykkur sem fyrst. Lestur er minn ofurkraftur.“

Bókagjöf til barna fædd árið 2021

Miðstöð menntunar og skólalajónustu gaf bókina Orð eru ævintýri út í fyrria og var öllum börnum á Íslandi fædd árin 2018, 2019 og 2020 færð bókina. Auk þess fengu allir leikskólar afhent eintök af henni.

Í ár fá börn fædd árið 2021 bókina að gjöf. Einnig mun hver og einn leikskóli fá glæný spil og samtalsspjöld afhent.

Bókin Orð eru ævintýri er litrík myndarorbók sem inniheldur yfir 1000 algeng íslensk orð. Efnið er vel til þess fallið að spjalla um orð daglegs lífs við nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í íslensku. Þannig er hægt að efla orðaforða þeirra og virkja ímyndunaraflíð.

Spilin og samtalsspjöldin auka þá gildi verkefnisins Orð eru ævintýri enn frekar



en þær viðbætur má, eins og bókina, nýta með börnum við eflingu málþroska.

Miðstöð menntunar og skólalajónustu vann verkefnið Orð eru ævintýri í samvinnu við Miðju máls og læsis hjá skóla- og frístunda-sviði Reykjavíkurborgar, leikskólana Laugasól og Blásali, Austurbæjarskóla og námsbraut í talmeinafræði við Háskóla Íslands.

Húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð opnar í dag nýja og fallega verslun í Miðhrauni 24 í Garðabæ

Húsgagna- og gjafavöruverslunin Bústoð opnar í dag nýja og glæsilega verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ þar sem ný Bónusverslun er til húsa, en Bústoð hefur verið starfrækt frá 1975 og ávallt verið staðsett í Reykjanesbæ.

Það er því stór tímamót hjá eigendum verslunarinnar að opna dyr sínar í Garðabæ. Í Bústoð er hægt að fá fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið, en markmið verslunarinnar hefur allt frá upphafi verið að bjóða upp á gæðavöru á góðu verði. Þá má geta þess að Bústoð er með fyrirtækjalajónustu og býður einnig upp á mikið úrval af skólahúsgögnum og sjá starfsmenn Bústoðar m.a. um hönnun og útfærslu á skólalajónustu og fyrirtækjalajónustu sé þess óskað.

Birgitta Ósk Helgadóttir, er verslunarstjóri í Garðabæ og meðeigandi. Garðapósturinn spurði hvernig þeim litist á að vera opna á höfuðborgarsvæðinu og hugmyndina á bak við þá ákvörðun? „Við erum gríðarlega spennt fyrir opnuninni í dag. Verslunin verður opin milli 11 og 18 alla virka daga og milli 11 og 16 á laugardögum. Hugmyndin að því að opna verslun á höfuðborgarsvæðinu er kannski ekki ný af nálinni, enda hafa viðskiptavinir okkar verið að kalla eftir þessu í gegnum árin. Hins vegar fór allt á fullt síðastliðið vor, eftir að við fundum þessa góðu staðsetningu. Þetta er fullkomið rými fyrir húsgagnaverslun,“ segir hún.

Bústoð er rótróíð fyrirtæki, en það fagnar 50 ára afmæli á næsta ári. Má segja að opnun Bústoða að Miðhrauni sé snemmbúin afmælisgjöf? „Já, það má alveg segja það. Við erum mjög stolt af því að ná þessum áfanga á næsta ári og munum alveg örugglega gera líka eitthvað skemmtilegt á afmælisárinu.“

Aukið vöruúrval í nýrri verslun Og þetta er bjart, fallegt og stórt verslunarrými að Miðhrauni – hverju mega viðskiptavinir eiga von á og eru þið að bjóða upp á ný merki og einhverjar nýjungar miðað við vöruúrvalið í versluninni í Reykjanesbæ? „Já, við verðum með eitthvað af nýjum merkjum í gjafavör-



unni og frábært úrval sömuleiðis í húsgögnunum frá okkar vinsælustu vörumerkjum. Við höfum verið að auka úrvalið jafnt og þétt undanfarin tvö ár og erum á þeim stað í dag að vera með öflugt mengi af vörum og náum þannig bæði til eldri og yngri kynslóða. Allir eiga að geta fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi, hvort sem það er sófi, sófaborð, borðstofuborð, skenkar stólar, skápar eða annað fyrir heimilið.“

Vönduð húsgögn frá þekktum vörumerkjum

Og þið bjóðið upp á gott úrval af húsgögnum og gjafavöru og hafið lagt áherslu á gott verð? „Við bjóðum upp á vönduð húsgögn frá þekktum vörumerkjum sem hafa notið vinsælda hér á landi, eins og Calia Italia og skandinavískar vörur frá Skovby og Furnhouse. Við leggjum mikið upp úr góðri, persónulegri þjónustu og hóflegri álagningu alla daga ársins. Þetta hefur verið okkar sérstaða og skilað því að viðskiptavinir okkar fara ánægðir og koma aftur.“



En þrátt fyrir að vera opna verslunina í Miðhrauni þá haldið þið einnig úti öflugri netsíðu sem hefur notið vinsælda? „Já, alveg eins og við munum halda áfram að reka flotta verslun í Reykjanesbæ, þar sem áfram verður boðið upp á frábært vöruúrval í 1.200 fermetra sýningarsal. En það er rétt, heimasíðan okkar nýtur vinsælda eftir að við tókum hana í gegn í fyrria. Hún er bæði vinsæl gjafavöruverslun en nýttist einnig sem búðagluggi fyrir húsgögnin.“

Ítölsku leðursófarnir vinsælir

Og svo fagnist þið 50 ára afmæli á næsta ári, er einhver ákveðin vara hjá ykkur sem hefur notið hvað mestra vinsælda í gegnum árin? „Okkar vinsælustu húsgögn í gegnum árin hafa verið ítalskir leðursófar frá Calia Italia. Hins vegar hafa bæði Skovby og Furnhouse verið að sækja í sig veðrið undanfarin tvö ár og því má segja að þessi merki, ásamt húsgögnum frá Zijlstra séu þau sem viðskiptavinir okkar versla hvað mest. Gjafavaran hefur líka vaxið mikið undanfarin ár,“ segir Birgitta og bætir við: „Við bindum því miklar vonir um að hún verði vinsæl meðal íbúa nálægt



Birgitta Ósk segir að allir eiga að geta fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi í verslun Bústoða í Miðhrauni, hvort sem það er sófi, sófaborð, borðstofuborð, skenkar stólar, skápar eða annað fyrir heimilið

versluninni, í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Þar erum við að bjóða þessar klassísku vörur frá littala, Royal Copenhagen, Bitz. Svo erum við með vörur frá Modern House, sem og ilmkerfi frá Victor

Styrkir til eflingar á menningarlífi

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir umsóknum frá einstaklingum og félagasamtökum um styrk til eflingar á menningarlífi í Garðabæ.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2024.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.

Nánari upplýsingar má sjá á: www.gardabaer.is





*Jólahlaðborð Fjörúkrárinna
hefst 15 nóvember*

Bókanir og fyrirspurnir: birna@fjorukrain.is



*Víkingasveitin okkar spilar
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við
eftir borðhald*

Hreyfum okkur í Garðabæ

Vertu með

Garðabær hvetur íbúa til að stunda hreyfingu allt árið. Nú í Evrópskri hreyfiviku minnir bærinn á fjölbreytta möguleika sem fólk hefur til skemmtilegrar hreyfingar bæði utanhúss og innan. Mikið af þessari aðstöðu er opin en þanta þarf tíma í söluum með tölvupósti á kristjanh@gardabaer.is. Einnig er vert að skoða tilboð ýmissa félaga og einkaaðila hér í bænum til líkamsræktar og skemmtunar.



ALMENNINGSSUNDLAUGAR

Í Garðabæ eru tvær almenningssundlaugar, í Ásgarði og við Breiðumýri á Álftanesi. Báðar eru afar vinsælar og Garðbæingar nýta þær vel.



DANSSALIR

Í Ásgarði og Sjálandsskóla eru danssalir með speglavegg. Dansskólar hafa þar starfsemi auk félaga og einkaaðila.



FJÖLNOTA ÍÞRÓTTASALIR

Íþróttasalirnir í Ásgarði, Mýrinni, Sjálandsskóla og Breiðumýri eru allir fjölnota salir með aðstöðu fyrir körfubolta, handbolta blak og badminton. Hópar geta þanta tíma sem íþróttafélögin nýta ekki.



MÍÐGARÐUR

Í Miðgarði er knattspyrnuvöllur í fullri stærð og klifurveggur innanhúss auk teygju- og upphitunaraðstöðu. Þar er fyrsta flokks styrktar- og þrekæfingaaðstaða ásamt tilheyrandi stoðrymum. Almennungi er frjálst að nýta göngubrautina á svölum íþróttasalarins á opnunartíma hússins þegar ekki eru viðburðir með áhorfendum.



#BEACTIVE



GARÐABÆR

Opin svæði



HEIÐMÖRK

Í Heiðmörk eru möguleikar til fjölbreyttrar útivistar. Fyrir utan frábærar og skemmtilegar gönguleiðir, fuglalíf og fallega náttúru má meðal annars nefna svæði til boltaleikja, tjaldsvæði og grillsvæði.



VÖTN OG VEIÐI

Hægt er að ganga í kring um vötnin okkar til dæmis Urriðavatn, en aðeins má veiða í Vífilsstaðavatni og þar þarf veiðikortið (veiði 1. apríl-15. sept ár hvert). Töluvert af andfuglum verpir við vötnin okkar og mófuglar umhverfis þau.



FRISBÍGOLF

Frisbígolf er ört vaxandi íþróttagrein á heimsvísu sem fer fram á svipaðan hátt og venjulegt golf, en í stað golfkylfa og golfbolta nota leikmenn frisbídiska. Völlurinn á Vífilsstöðum er með 10 körfum. Völlurinn er staðsettur í garðinum sunnan við Vífilsstaði.



VINAGARÐUR Í URRÍÐAHOLTI

Vinagarður í Urriðaholti er staður þar sem krakkar á öllum aldri geta notið útivistar. Í Vinagarði er allt til alls, meðal annars fótboltavöllur, körfuboltavöllur, líkamsræktartæki og ærslabelg.



BMX-HJÓLABRAUT

Brautina er nú að finna í efri Lundum, norðan við leikskólann Lundaból, þar er einnig frábær 440m hjólabraut sem er nýuppgerð.



BARNALEIKVELLIR

Í Garðabæ er alltaf stutt í næsta leikvöll en yfir 40 leiksvæði eru í bænum. Mikil áhersla hefur er lögð á barnvænt umhverfi inni í hverfunum. Undanfarin ár hafa fjölmargir leikvellir verið endurbættir í Garðabæ og aðrir nýir bæst við.



GÖNGULEIÐIR Í WAP-APPINU

Söguleiðir og hreyfileiðir eru í boði í Wap appinu. Íbúar Garðabæjar geta nálgast upplýsingar um áhugaverðar gönguleiðir, sögulegan fróðleik um menningarmínjar og útivistarmöguleika í landi Garðabæjar.



SJÓSUND Á ÁLFTANESI

Gott aðgengi er að sjónum á Álftanesi fyrir sjósundsáhugafólk.



GOLFEVILLIR

Golfklúbburinn Oddur, Golfklúbburinn GKG og Golfklúbbur Álftaness bjóða allir upp á framúrskarandi aðstöðu til golfðkunar.



BÆJARGARÐUR

Í bæjargarðinum okkar við Hraunkotslæk er allt til alls fyrir börn að stunda útvist, meðal annars sívinsæll ærslabelgur, fótboltavöllur og svo margt fleira. Sjáumst þar!



HREYSTIVELLIR

Eru við Arnarneslækinn, Sunnuflöt, í Bæjargarðinum, í Vinagarði og á Álftanesi við sundlaugina. Þar er upplagt að koma við í göngu dagsins og stæla vöðvana. Sérstaklega er gætt að aðgengi fyrir hjólastóla á þessum hreystivöllum.



BRETTAPALLAR

Við Sjáland og íþróttavöllinn á Álftanesi eru brettapallar með opnu aðgengi.



SPARKVELLIR

Í íbúðahverfum bæjarins eru sparkvellir og opin leiksvæði. Þar er tilvalið að fara og taka leik, sparka á milli eða skjóta í körfur sem eru þar líka.



Landssöfnun Kiwanis fyrir Einstök börn á 50 ára afmæli K-dagsins

Kiwanisfélagar á Íslandi hafa reglulega frá árinu 1974 staðið fyrir landssöfnun með því að selja K-lykilinn. Frá upphafi hefur söfnunarfé runnið til samtaka og stofnana sem sinna geðverndarmálum.

Þegar farið var af stað með verkefnið fyrir 50 árum var staðan í þessum málum ekki góð og slagorðið "Gleymum ekki geðsjúkum" átti vel við. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur margt breyst. Umræða um geðverndarmál er opnari og samtökum sem sinna þeim hefur vaxið fiskur um hrygg.

Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni

Á umdæmisþingi Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar síðastliðið haust var ákveðið að á 50 ára afmæli K-dagsins væri kominn tími til að huga að öðrum hópi og að Einstök börn yrðu styrkt í þetta sinn. Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni. Félagið hefur stækkað að ört undanfarin ár og eru nú um 800 fjölskyldur í félaginu. Félagið gætir hagsmuna þessara barna og aðstoðar þau og fjölskyldur þeirra á ýmsan hátt.

Undirbúningsvinna hófst strax eftir að þessi ákvörðun var tekin og nú þegar er búið að afhenda Einstökum börnum styrki sem m.a. koma frá styrktarsjóði umdæmisins og styrktarsjóðum Kiwanisklúbba. Þessir styrkir hafa komið sér vel því þörfin er mikil.

K-lyklar til sölu frá 24. september til 8. október

K-lyklar verða til sölu í verslunum Krónunnar og á afgreiðslustöðum Olis frá 24. september til og með 8. október næstkomandi. Helgina 26. til 28. september verður sölufolk á ferðinni á fjölförnum stöðum. Að mestu leyti munu Kiwanisfélagar standa vaktina við sölustörf en í einhverjum tilfellum hefur verið samið við íþróttafélög og fleiri ungmennafélög þar sem ungt fólk tekur að sér að selja K-lykilinn. Í þeim tilfellum fær viðkomandi félagskapur hluta söluandvirðisins í sinn hlut.



KFC og Góa aðalstyrktaraðilar

Söluandvirði þeirra merkja sem Kiwanisfélagar selja og eins þeirra merkja sem verslanir selja fer óskipt til Einstakra barna því allur kostnaður við verkefnið er greiddur af fyrirtækjum sem styrkja verkefnið. Aðalstyrktaraðilar verkefnisins eru KFC og Góa sem hafa kostað allt markaðsstarf.

Tökum vel á móti sölufolk

Kiwanisfélagar vonast eftir að landsmenn taki vel á móti sölufolk og aðstoði við þetta verkefni sem fellur einstaklega vel að meginmarkmiði Kiwanishreyfingarinnar sem er að hjálpa börnum.

Einnig er hægt að kaupa merki og/eða styrkja á vefsíðunni www.kiwanis.is

Með Kiwaniskveðju!

Styrkveiting til Kvænnaathvarfsins frá Zontaklúbbum Sunnu



Helga Ágústsdóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu ásamt golfnefnd klúbbsins afhendir Lindu Dröfn Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra Kvænnaathvarfsins 600 þúsund krónur til styrktar nýbyggingu Kvænnaathvarfsins. Ljósmyndari: Guðný S. Tryggvadóttir

Zontaklúbburinn Sunna afhenti Lindu Dröfn Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra Kvænnaathvarfsins 600 þúsund króna styrk til styrktar nýbyggingar Kvænnaathvarfsins á miðvikudagskvöldið, 11. september sl. á Mathúsinu í Garðabæ. Styrkurinn er allur ágóði af fjórflunargölmóti klúbbsins sem haldið var 16. ágúst sl. í Öndverðarnesi. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar lögðu fjórfluninni lið.

Kvænnaathvarfið hefur í rúm 40 ár boðið uppá dvöl fyrir konur og börn þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis

Framkvæmdir við nýja athvarfið fóru af stað í vor og ganga vel. Gert er ráð fyrir að nýtt athvarf verði tilbúið eftir 18 mánuði. Kvænnaathvarfið hefur í rúm 40 ár boðið uppá dvöl fyrir konur og börn þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Konur dvelja í athvarfinu sér að kostnaðarlausu og þiggja þar frítt fæði, ráðgjöf og utanumhald. Í athvarfinu starfa ráðgjafar, sem fylgja konum vel eftir, húsmóðir, sem gættir þess að þar ríki fallegur heimilisbragur og góður heimilismatur sé í boði alla daga, barnaráðgjafi, sem hugar að velliðan barna í húsi og veitir mæðrum ráðgjöf, og svo vaktkonur sem eru til taks allan sólarhringinn. Með aukinni ráðgjöf og ótakmörkuðum dvalartíma, hefur hlutfall þeirra kvænna sem snýr aftur í ofbeldissamband eftir dvöl, hriðfallið síðustu ár.

Zonta International eru alþjóðleg samtök kvænna. Eitt helsta markmið samtakanna er að bæta stöðu kvænna og auka réttindi þeirra á sviði menntunar og heilbrigðis. Markmið Zontaklúbbsins Sunnu er að styrkja tengsl á milli kvænna í ólíkum starfsstéttum, um leið og þær afla fjár til að styrkja baráttu fyrir

auknum réttindum, betri menntun, bættri heilsu og öryggi kvænna innanlands og utan.

Frá stofnun Zontaklúbbsins Sunnu árið 2003 hefur klúbburinn styrkt ýmis verkefni bæði hér heima og erlendis. Innanlands hefur Zontaklúbburinn Sunna m.a. styrkt Kvænnaathvarfið, Skjólíð athvarf fyrir heimilislausar konur, Stígamót, Menntunarsjóð mæðrastyrksnefndar, Miðstöð foreldra og barna, Dyngjuna, Samtökin "Göngum saman", Kvænna-ráðgjöfina, Samtök Endométriósu á Íslandi, Anna valdefling erlendra kvænna og fleiri verkefni.

Á alþjóðavettvangi starfar Zonta með UN Women og sambærilegum samtökum og þá einkum í gegnum Sameinuðu þjóðirnar. Meðal annarra verkefna er að styrkja ungar konur í Ymen og Madagascar til mennta og sérútbúnar töskur fyrir ljósmæður í Afghanistan. Í Rwanda hefur verið unnið við að koma í veg fyrir eyðnismit frá móður til barns. Einnig hafa samtök í Líberíu verið styrkt til að stofna læknaströf þar sem gerðar eru aðgerðir á konum sem hafa farið illa í fæðingu og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að berjast alþjóðlega gegn barnahjónaböndum.

Í Zontaklúbbum Sunnu, sem upphaflega var stofnaður í Hafnarfirði, eru tæplega 30 konur af öllu höfuðborgarsvæðinu þar á meðal úr Garðabæ.

Helga Ágústsdóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu

www.zonta.org
<http://zonta-island.org/>
<https://www.facebook.com/zontasunna/>

Arnar Daði í GKG varð stigameistari með miklum yfirburðum í flokki 15-16 ára



Arnar Daði Svavarsson, GKG, er stigameistari 2024 á Unglingamótaröðinni í flokki 15-16 ára pílta. Alls eru 38 leikmenn á stigalistanum.

Arnar Daði fékk 6.385 stig en hann tók þátt á 7 mótum á tímabilinu. Hann náði frábærum árangri, sigraði á fjórum mótum, varð í öðru sæti á tveimur og einu sinni í þriðja sæti.

Óliver Eli Björnsson, GK, varð annar með 5070 stig. Hann tók þátt á 7 mótum á tímabilinu. Hann sigraði á tveimur mótum, og varð þriðji á einu móti. Hjalti Kristján Hjaltason, GM, varð þriðji með 3.751 stig. Hann tók þátt á 6 mótum á tímabilinu. Hann varð þriðji í öðru sæti, og einu sinni í 3. sæti. Arnar varð því stigameistari með miklum yfirburðum í flokki 15-16 ára pílta.

eignaumsjon.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 Eignaumsjón 2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Vísindabúið Kveðlan

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

ÚRSLITAKEPPNI

EFRI HLUTI BESTU DEILDAR KARLA

ATH: LEIKTÍMI ER BIRTUR MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR



23. SEPTEMBER - 19:15
N1 VÖLLURINN



30. SEPTEMBER - 19:15
SAMSUNGVÖLLUR



6. OKTÓBER - 17:00
VÍKINGSVÖLLUR



20. OKTÓBER - 19:15
KÓPAVOGSVÖLLUR



26. OKTÓBER - 14:00
SAMSUNGVÖLLUR

Ef við höldum okkar striki þá hef ég fulla trú á að við náum þangað sem við viljum fara

- segir Guðmundur Kristjánsson fyrirliði Stjórnunnar en úrslitakeppni Bestu deildarinnar hefst á mánudaginn og þar er Evrópusæti undir

Úrslitakeppni efri hlutar í Bestu-deild karla hefst á mánudaginn og þar eru drengirnir í Stjórnunni í dauðafæri að tryggja sér sæti í Evrópukeppninni að ári, en liðið er í fimmta sæti eins og er með jafn mörg stig og ÍA sem er í fjórða sæti og fjórum stigum á eftir Val sem er í þriðja sæti.

Ef Víkingur vinnur KA í úrslitaleik Mjóbikarsins 21. september næst komandi þá mun 4. sætið í Bestu deildinni gefa þátttökurétt í Evrópukeppninni að ári, en ef KA vinnur þá verður Stjarnan að ná þriðja sætinu til að tryggja sér þátttökuréttinn, því KA fær þá Evrópusæti með sigri á Víkingi.

Garðapósturinn heyrði hljóðið í fyrirliða Stjórnunnar, Guðmundi Kristjánssyni og spurði hann um úrslitakeppnina sem er framundan, en fyrsti leikur liðsins er á móti Val á Hlíðarenda á mánudaginn kl. 19:15 og það þarf ekkert að ræða um mikilvægi hans.

Minni af sveiflur og þurfum að breyta frammistöðum

En hvernig list fyrirliðanum á komandi úrslitakeppni og stöðuna á Stjórnuliðinu í dag? „Mér list vel á úrslitakeppninu. Við erum búnir að vera í þokkalegu floti undanfarið og ágætis jafnvægi í frammistöðum hjá okkur. Minna af sveiflum en stundum áður. Núna taka hins vegar við erfiðir leikir við öll liðin í efri hlutanum svo að við þurfum að reyna að breyta þokkalegum frammistöðum í góðar frammistöður og helst góðum í frábærar.“

Þetta bann kom á góðum tíma Og þú fékkst góða hvíld í síðasta leik og kemur vonandi ferskur inn að nýju – ekkert að há þér? „Nei, þetta bann kom á góðum tíma því ég var búinn að vera að spila í gegnum meiðsli og gat ekki tekið spretti í leikjunum á undan. Núna er ég búinn að hafa smá tíma til að ná að jafna mig á því og ætti að koma ferskur heill til baka og klár í úrslitakeppnina,“ segir hann brosandí.

Vonandi springur liðið alveg út núna í lok mótsins Má ekki segja að sjálfstraustið og stemningin í Stjórnuliðinu sé nokkuð góð fyrir úrslitakeppnina, liðið aðeins tapað einum leik af síðustu átta í Bestu deildinni? „Jú, sjálfstraustið hefur verið að aukast í liðinu samhliða góðum frammistöðum og hagstæðum úrslitum. Við höfum haldið hreinu núna þrjá leiki í röð og þá er töluvert auðveldara að sækja úrslitin sem við viljum. Núna eigum við samt í vændum enn erfiðari leiki svo að það er mikilvægt að byggja ofan á þetta. Það býr svo ótrúlega mikið í þessu liði og enn meira en við höfum sýnt. Vonandi springur liðið alveg út núna í lok mótsins.“

Ég mikla trú á þessum leikmannahópi

En ertu sáttur með spilamennskuna ykkar í sumar, í 5. sæti í lok deildarkeppinnar, eru þið að pari við markmiðið ykkar fyrir mót? „Spilamennskan hefur verið góð á köflum, en yfir heildina hefur hún sveiflast aðeins of mikið. Ég hef svo mikla trú á þessum leikmannahópi að ég vil sjá hann ná enn lengra. Við erum ennþá í hörku baráttu um Evrópusæti svo að næstu fimm leikir verða ákaflega mikilvægir fyrir okkur. Við munum halda áfram að einbeita okkur að því að verða betri sem lið og bæta okkar leik. Ef við höldum okkar striki hvað það varðar þá hef ég fulla trú á að við náum þangað sem við viljum fara.“

Þegar maður fer yfir leiki liðsins í deildinni er þá ekki svolítið svekkjandi að þið skiluðu aðeins 13 stigum í hús af 24 á móti fjórum neðstu liðunum sem eru að berjast um að halda sér í Bestu deildinni – dýr stig í súginn fyrir komandi baráttu? „Jú, auðvitað eru það stig sem hefðu komið sér vel núna. Sérstaklega þegar svona lítið skilur á milli okkar og liðanna í kringum okkur.“

En eru einhverjir vankantar á leik liðsins sem þið eruð að vinna í fyrir úrslitakeppnina eða snýst þetta meira um að menn koma rétt stemmdir og tilbúnir í

leikina? „Á tímabili í sumar vorum við í vandræðum með föst leikatriði varnarlega. Okkur hefur tekist undanfarnar vikur að vinna í því og höfum verið þokkalega sterkir í þeim undanfarnar vikur. Þar sem við erum að fara að spila á móti sterkustu liðum deildarinnar þá reikna ég með því að þau eigi eftir að koma fram á völinn að pressa okkur heldur en hefur oft verið í sumar. Þá þurfum við að vera öflugir og hugrakkir í að spila í gegnum pressuna. Ég held að leikmannahópurinn í heild sinni sé tilbúinn í þessa leiki og menn virka almennt spenntir fyrir áskoruninni. Við vonumst síðan til þess að fá eins margar bláar treyjur og háværar raddir og hægt er, til að berja á trommur og hvetja okkur áfram. Þetta verða hörkuspennandi leikir og þá munar um að hafa góða stemningu og hvatningu í stúkunn frá okkar Stjórnufólki.“

Eins og staðan er fyrir úrslitakeppnina að þá stefnir í gott fjögurra liða einvígi um Evrópusætin sem verða vonandi tvö, á milli Stjórnunnar, Vals, ÍA og FH. Þið tókuð 15 stig af 18 á móti þessum liðum í deildarkeppninni sem er frábær árangur. Þó ekkert sé í hendi þá virðist það henta ykkur betur að spila á móti þessum liðum í efri hlutanum en í botnliðunum út frá stigaförun í sumar – sammála því og hvað veldur? „Já, það virðist hafa gengið betur hjá okkur heilt yfir gegn þessum liðum. Hvað sem veldur, þá virðumst við hafa náð betri frammistöðum að einhverju leyti í þessum leikjum. Því miður telja þeir bara til þriggja stiga, rétt eins og hinir. En vonandi heldur þetta góða gengi gegn þeim áfram núna á komandi vikum. Þá ættum við að enda mótið á góðum stað.“

Með sigri á Val galopnum við baráttuna um Evrópusæti

Fyrsti leikurinn ykkar í úrslitakeppninni er á móti Val að Hlíðarenda, hvernig list þér á þann leik og þetta er nokkuð stór leikur í baráttunni um Evrópusæti og sérstaklega ef menn stefna á öruggt Evrópusæti, þriðja sætið? „Þetta verður mjög spennandi og sennilega líka skemmtilegur leikur fyrir áhorfendur. Þetta eru tvö lið með marga öflugra og góða knattspymenn svo að það er hægt að búast við skemmtilegri rímmu reikna ég með. Það er ljóst að með sigri í honum galopnum við baráttuna um Evrópusætið. Fókusinn okkar verður að nýta okkur þeirra veikleika og jafnframt spila okkar bolta, eins og við erum vanir. Þannig erum við bestir. Okkur vegnar yfirleitt best þegar við einbeitum okkur að okkur sjálfum sem mest og hvernig við bætum okkur leik frá leik.“

Biðlar til alls Stjórnufólks að fjölmenna á Hlíðarenda og styðja liðið í komandi orrustu

En Stjórnmenn eru allir upp til hópa stemmdir fyrir úrslitakeppninni og það hlýtur að vera góð tilfinning að hafa þetta í sínum höndum þ.e.a.s. undir ykkur komið hvort þið tryggjið ykkur Evrópusæti að ári, ef fjórða sætið dugar? „Já, það er auðvitað alltaf best. En okkar fókus liggur alltaf í næsta leik og frammistöðu. Þetta er gömul og góð klisja, en við horfum bara einn leik fram í tímann. Það hefur alltaf reynst okkur best. Mig langar síðan að biðla til alls Stjórnufólks að fjölmenna með okkur á Hlíðarenda og styðja liðið í komandi orrustum,“ segir fyrirliði Stjórnunnar að lokum.



Guðmundur fyrirliði Stjórnunnar biðlar til alls Stjórnufólks að fjölmenna á Hlíðarenda á mánudaginn og styðja liðið í komandi orrustum í úrslitakeppninni

Limrur á servíettum, fjölsótt útgáfuhóf



Útgáfuhófið í Pennanum var fjölsótt

Í tilefni af útgáfu bókarinnar, Limrur á servíettum, eftir Þorstein Valdimarsson, sem Garðapósturinn hefur áður kynnt, var nýverið haldið útgáfuhóf í Pennanum Eymundsson, Austurstræti 18, Reykjavík.

Samkoman var fjölsótt með fjölbreyttri dagskrá. Garðabæingurinn, Þorsteinn Gunnarsson, einn af ritstjórum verksins kynnti bókina og Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, fjallaði um skáldið og limrugerð. Anna Margrét Ólafsdóttir, skólástjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, doktorsnemi við HÍ, lásu upp limrur eftir skáldið.

Dagskránni lauk svo með því að Guðný Alma Haraldsdóttir, frá Vopnafirði söng ljóð og lög eftir Þorstein við undirleik Péturs



Nóa Stefánssonar en þau eru bæði í tónlistarnámi við Listaháskóla Íslands.



Ritstjórar verksins og frændur! F.v. Garðabæingurinn Þorsteinn Gunnarsson, Trausti Þorsteinsson og Unnar Erlingsson



Guðný Alma Haraldsdóttir söng lög með ljóðum eftir skáldið



Garðabæingurinn Anna Þ. Ingólfsdóttir, flutti erindi um skáldið og limrugerð

MARC INBANE

Kemur bara í þínum lit

BRÚNKUVÖRURNAR FRÁ MARC INBANE ERU EINSTAKAR AÐ ÞVÍ LEYTI AÐ ÞÆR DRAGA FRAM ÞINN NÁTTÚRULEGA LIT.

Snyrtitaska fylgir með í kaupbæti þegar verslað er fyrir kr. 10.000,- eða meira

WWW.MARCINBANE.IS

FÓTBOLTAFERÐIR | TÓNLEIKAFERÐIR | ÆFINGA/KEPPNISFERÐIR | HÓPAR | ENDURMENNTUN | ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR | VIÐSKIPTAFERÐIR

FJÖLBREYTTAR FERÐIR

SKOÐAÐU FERÐIRNAR Á VISITOR.IS



MAN. UTD vs EVERTON 29. NÓV.-2. DES.



LIVERPOOL vs FULHAM 13.-16. DESEMBER



SKÍÐAFERÐ | ÁRAMÓT Í SELVA 28.DES. - 4. JANÚAR

KÍ STYRKHÆF

bett

LONDON 21. - 25. JANÚAR - 4 NÆTUR

BETT FAGSÝNING KENNARA



HM Í HANDBOLTA JANÚAR 2025



ABBA VOYAGE Í LONDON APRÍL 2025

UPPSELT

31. OKTÓBER

DUBLIN MEÐ
VILMA_HOME

UPPSELT

25. OKTÓBER

ABBA VOYAGE
Í LONDON

UPPSELT

13. DESEMBER

ANDRE RIEU
AÐVENTUFERÐ

UPPSELT

13. DESEMBER

PAUL McCARTNEY
MANCHESTER

KNATTSPYRNUKÓLI
VISITOR SUMAR 2025

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20a Sími 578 9888 hopar@visitor.is

NÁNAR Á VISITOR.IS

Gott að vera komin aftur heim

Fjöldmenni í 20 ára afmælis- og enduroppunarparty hjá Snyrtistofunni Garðatorgi



Hluti af starfsmönnum snyrtistofunnar! F.v. Sóley Hvítfeld, Halldóra Stefánsdóttir, Ágústa Rós Róbertsdóttir, Unnur Ósk, Erna, Sigrún Tinna Sigurbjarnadóttir, Marta Matejak, Halla Sunna Erlendsdóttir, Aníta Lence og Hildur Viðarsdóttir

Fjöldmenni var í 20 ára afmælis- og enduroppunarparty hjá Snyrtistofunni Garðatorgi síðastliðin fimmtudag.

Mikið fjór var þegar viðskiptavinir, vinir, fjölskylda, fyrrum starfsmenn, samstarfsaðilar og velunnarar fögnuðu tímamótunum eins og sést á myndunum.

Hjónin Erna Gísladóttir og Rúnar Hreinsón hafa rekið snyrtistofuna frá árinu 2004, en nú er Unnur Ósk, dóttir þeirra að taka við daglegum rekstri, eftir að hafa keypt hlut í honum ásamt eiginmanni sínum Ólafi Fannari Heimissyni.

Snyrtistofan var starfrækt í Kópavogi á meðan enduruppbygging hennar stóð yfir eftir eldsvoða sem upp kom í mars sl., en alltjón varð á stofunni. Framkvæmdirnar tókust vel og voru gestirnir í afmælis- og enduroppunarpartyinu ánægðir með útkomuna.

Garðapósturinn heyrði í Ernu á dögumunum og spurði hana nánar um eldsvoðann og hvort þessir síðustu sex mánuðir hafa ekki reynt töluvert á.

Opnuðu stofu í Hlíðasmára fimm dögum eftir eldsvoðann

„Þetta var alltjón og því ekkert hægt að nýta. Það var farið í kaupa og panta allt sem þurfti til að opna snyrtistofu. Þar sem margt, eins og t.d. snyrtistólarnir sem eru ekki til á lager og tekur langan tíma að afgreiða, þá fengum við lánuð tæki og tól úr ýmsum áttum og við vorum undrandi og klökk yfir hvað margir voru tilbúnir að leggja okkur lið. Gamli starfsmenn, stofueigendur og ýmsir fleiri settu sig í samband við okkur og buðu fram það sem til þurfti. Allir vildu hjálpa og með þessum ótrúlegu viðbrögðum tókst okkur að opna stofuna í Hlíðasmára aðeins fimm dögum eftir að brann hjá okkur,” segir hún.

Mikill vinna og sorg

Hvernig hafa þessir síðustu mánuðir verið á meðan endurbætur stóðu yfir – þetta hefur sjálfsgagt reynt mikið á ykkur, sérstaklega andleg hliðina? „Þetta hefur reynt heilmikið á. Mikil vinna og svo sorgin að missa allt á einu augabragði sem



Andrea Alda Björnsdóttir, Helga Árnadóttir, Erna, Unnur Ósk, Eydís Ýr Jónsdóttir, Björn Víglundsson, Óskar Hreinsón, Rúnar, Unnur Björnsdóttir og Ólafur Fannar Heimisson

við erum búin að byggja upp í 20 ár. En við erum með gott starfsfólk og eigum góða og samheldna fjölskyldu sem lagðist á eitt að láta þetta ganga upp.”

Og þetta er búin að vera mikil vinna, bæði að reka stofuna í Hlíðasmára samfara því að innrétta og finna nýjan búnað? „Jú, þetta er búin að vera mjög mikil vinna, fjölskyldan og vinir okkar hafa hjálpað okkur mikið og ekki síst að hvatt okkur áfram á tímum þegar verkefnið var óyfirstíganleg.”

Garðatorgið er eins og lítið samfélag sem er dásamlegt að vera partur af

En það hlýtur að vera einstaklega ánægjulegt að opna dyr stofunnar að nýju á Garðatorgi? „Nú erum við komin með fína nýja stofu á Garðatorginu og gott að vera komin aftur „heim“ eins og svo magir segja.

Garðatorgið er eins og lítið samfélag sem er dásamlegt að vera partur af.”

Nýjstu og bestu meðferðirnar Hverju eiga svo viðskiptavinir stofunnar von á þegar þeir mæta að nýju á Garðatorgi? „Við höfum alltaf leitast við að vera með það nýjasta á stofunni og nú erum við búin að endurnýja og bæta við tækjakostinn okkar þannig að viðskiptavinirnir okkar geta verið vissir um að þeir eru að fá nýjstu og bestu meðferðirnar sem í boði eru.”

Og það er að sjálfsgöðu sama góða stemningin á stofunni? „Það er ótrúlega gaman hvað allir taka vel á móti okkur og viðskiptavinirnir eru svo glaðir að við séum komnar aftur að dekra við þá hér á Garðatorginu,” segir Erna brosandi að lokum.

Ljósmyndirnar tók Jón Svavarsson.



Jóna Svandís Halldórsdóttir, Katrín Þóra Barkardóttir, Erna, Katrín Þorkelsdóttir og Arna Barkardóttir



Unnur Ósk, Almar Guðmundsson, Erna og Sigríður Hulda Jónsdóttir



Tannýa Tómasdóttir, Unnur Ósk, Lilja Karen Þrastardóttir, Anna Fanný Sigurðardóttir, Svava Björk Gunnarsdóttir, Katrína Hildur Þorvaldsdóttir og Kristín Ósk Óskarsdóttir



Liv Bergþórsdóttir, Brynja Magnúsdóttir og Erna



Verið velkomin
Tímamantanir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opið alla virka daga frá 9-18

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**
Facebook.com/Gardaposturinn.is
Instagram.com/Gardaposturinn



Nanna Gunnarsdóttir og Sigga Toll



Erna og Sigríður Ármann



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Tryggðu þér **ID. Buzz**

fyrir áramót á sérstökum kjörum

Vektu athygli á fyrirtækinu þínu!



Sérkjör



Merktu bílinn
eftir þínum
þörfum

Akandi auglýsing
fyrir fyrirtækið þitt!

Verð frá: 7.490.000 kr.

 **Hekla**

Laugavegi 174, 105 Reykjavík → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílakjarninn Reykjanesbæ